

VINNA BARNNA OG UNGLINGA

Reglugerð um vinnu barna og unglunga tekur til vinnu einstaklings undir 18 ára aldri.

● Ungmennni

er einstaklingur undir 18 ára aldri.

● Barn

er einstaklingur undir 15 ára aldri eða einstaklingur í skyldunámi.

● Unglingur

er einstaklingur 15 -17 ára og er ekki í skyldunámi.



Markmið með reglugerðinni eru einkum

- að koma í veg fyrir slys og álagsmein ungmenna
- að vinna komi ekki niður á menntun þeirra og þroska
- að stuðla að heppilegri atvinnuþátttöku ungmenna

Skyldur atvinnurekenda

Til atvinnurekenda eru gerðar kröfur um að þeir meti áhættu, grípi til öryggisráðstafana, tryggi ungmennum kennslu, kynni hugsanlega hættu fyrir forráðamönnum barna, ungmennunum sjálfum, samstarfsmönnum þeirra og öryggisaðilum fyrirtækisins.

Byrðar

Almennar reglur:

- Börn mega lyfta 8-10 kg
- Unglingar mega lyfta 12 kg.



Vinna barna er almennt **bönnuð** nema við **störf af léttara tagi**, talin upp í viðauka 4 í reglugerðinni.

Börn yngri en 13 ára er aðeins heimilt að ráða til að taka þátt í menningar- eða listviðburðum og íþróttá- eða auglýsinga- starfsemi en þá skal afla leyfis Vinnueftirlitsins.

Vinna unglunga er almennt **leyfð** nema við

- **hættuleg tæki og verkefni** (talin upp í viðauka 1a)
- **hættuleg efni** (talin upp í viðauka 2)
- **hættuleg störf** (talin upp í viðauka 3)

Vinnutími

Almennar reglur

| | Börn 13 -14 ára | Börn 15 ára í skyldunámi | Unglingar 15 -17 ára |
|-----------------------|---|---|---|
| Á starfstíma skóla | 2 klst. á dag 12 klst. á viku | 2 klst. á dag 12 klst. á viku | 8 klst. á dag 40 klst. á viku |
| Útan starfstíma skóla | 7 klst. á dag 35 klst. á viku | 8 klst. á dag 40 klst. á viku | 8 klst. á dag 40 klst. á viku |
| Vinna bönnuð | kl. 20-6 | kl. 20-6 | kl. 22-6 |
| Hvíld | 14 klst. á sólarhring 2 dagar á viku | 14 klst. á sólarhring 2 dagar á viku | 12 klst. á sólarhring 2 dagar á viku |

Ýmsar undanþágur eru gefnar frá hinum almennu reglum sem sýndar eru á þessu veggspjaldi.

Reglugerðin (nr. 426/1999) fæst hjá Vinnueftirlitinu og á heimasíðunni.



VINNUEFTIRLITIÐ

Bíldshöfði 16, 110 Reykjavík, sími 550 4600, fax 550 4610
Netfang: vinnueftirlit@ver.is Heimasíða: www.vinnueftirlit.is